

Skólaráðsfundur 3. maí. 2013 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00 á bókasafninu.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra, Ari Páll Karlsson formaður nemendaráðs og Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara.

Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Móey Pála Rúnarsdóttir fulltrúi nemanda mættu ekki né boðuðu forföll.

Dagskrá fundarins:

1. **Skóladagatal**

Foreldrar hafa aðeins bent á að röðun daga í okt. sé ekki heppileg þ.e að starfsdagur, foreldraviðtöl og vetrarfrí sé ekki heppileg röðun fyrir foreldra þó svo faglega sé þessi uppröðun gagnleg. Verður skoðað betur í haust hvort hægt sé að breyta einhverju þannig að það nýtist bæði nemendum og kennurum.

2. **Húsnæðismál næsta vetrar**

Tveimur húsum verður bætt við lóðina, önnur deild vegna leikskólans verður lögð niður og það rými sem losnar þar verður innréttað undir aðra heimilisfræðistofu og svo losnar eitt hús til viðbótar á lóðinni sem leikskólinn hefur nýtt á móti frístund. Loka þarf fram þar sem 1. og 2. bekkur er núna.

3. **Sérdeild fyrir 1. – 7. bekk**

Í haust verður opnuð sérdeild við skólann. Nemendur munu þó alltaf tilheyra ákveðnum umsjónarbekk þó svo tengiliður viðkomandi aðila sé aðili í sérdeildinni sem ber ábyrgð á 3-4 börnum og miðlar upplýsingum á milli heimilis og skóla. Líka er verið að huga að úrræði vegna frístundar fyrir nem. 5. – 7. bekk

4. **Staða á ráðningum kennara fyrir næsta ár**

5 kennarar hafa óskað eftir launalausum leyfi á næsta ári, 2 hafa óskað eftir að hætta og 2 ½ stöðugildi sem voru tímabundna ráðningu í eitt ár ýmist hætta eða ætla að sækja um þau lausu störf sem eru í boði við skólann.

5. **Leikskóli**

Fengist hefur samþykki fyrir 3,8 stöðugildum með þeim 20 börnum sem verða á deildinni.

6. **Fjárhagsáætlun fyrir 2014**

Áætlun fyrir 2014 þarf að vera tilbúin 16. maí. Myndavélar, lokanir fram á gang í 1. -2. bekk og fleira verður sett inn á þessa áætlun.

7. **Rafræn foreldakönnun**

Er alveg að fara í loftið og verður vonandi send út öðrum hvorum megin við helgi.

8. **Foreldravika**

Hreiðari fannst að sumir kennarar hefðu mátt taka betur á móti foreldum sem komu í heimsókn.

9. Umbótaáætlun

Verið að vinna lokahnykkinn í henni.

10. Félagslíf unglinga

Tvö böll framundan, athuga þarf dagsetningu á öðru ballinu þ.e. 8. maí því það er frídagur daginn eftir.

Útskriftarferð verður 29. maí hjá 10. bekk og útskrift 4. júní. Útskriftir hjá öðrum árgöngum verður síðdegis 5. júní.

11. Virk samkennd

Er samvinnuverkefni Betu og Rutar. Fyrir áramót voru það nemendur í 8. -10. bekk en þá datt 10. bekkur út og 7. bekkur kom inn í staðinn. Vera að athuga hvernig var að koma í unglingadeild og undirbúa nem. í 7. bekk fyrir næsta vetur. Á morgun verður kaffisamsæti í salnum fyrir 7. og 8. bekk þar sem allir blandast saman.

12. Önnur mál:

- a. Muna að senda allar fundargerðir á fræðslunefnd
- b. Halda næsta fund 23. maí.

Fundi slitið kl.

Fundarritari: Ásta Steina.